

Ólafur Rögnvaldsson¹, Haraldur Ólafsson² og Hálf dán Ágútsson²

- 1) Háskólanum í Björgvin, Háskóla Íslands og Reiknistofu í veðurfræði
- 2) Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands og Reiknistofu í veðurfræði
- 3) Háskóla Íslands og Reiknistofu í veðurfræði

Hermun á veðrum sem leiða til mikillar snjósöfnunar á Austurlandi

Valin eru 12 óveður á Austurlandi á 40 ára tímabili og þau hermd með reiknilíkani. Vindur er reiknaður í neti með 300 metra möskvum og eru vinda- og úrkomukort sem úr reikningunum koma notuð til að meta snjóflóðahættu með hlutlægum hætti. Þótt veðurmælingar séu víða á Austurlandi benda reikningarnir til þess að miklu muni á vindi og úrkomu á þeim stöðum þar sem mælt er og í því fjalllendi sem til skoðunar er. Svo mikill er munurinn að hættumatið er töluvert ólíkt því sem orðið hefði ef aðeins hefði verið byggt á mælingum.